

Ed.

957. Nefndarálit

[415. mál]

um frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hélt alls sex fundi um málið, þar af tvo með sjávarútvegsnefnd neðri deildar. Fengnir voru til viðtals fulltrúar eftirtalinna aðila: Fiskifélags Íslands, Fiskveiðasjóðs, tryggingafélaga og sjávarútvegsráðuneytis, enn fremur forstjóri Þjóðhagsstofnunar, formaður nefndar þeirrar sem undirbjó frumvarpið. Skriflegar ábendingar bárust frá Fiskifélagi Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, félögum sjómanna og skipstjóra á Norðurlandi og Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimanna-sambandi Íslands, Samtökum grásleppuhrognaverkenda og Samvinnutryggingum.

Í umfjöllun nefndarinnar var lögð rík áhersla á það að hér væri um samkomulag hagsmunaaðila að ræða sem varasamt væri að brjóta upp, enda ekki ágreiningur um meginefni frumvarpsins.

Breytingartillögur, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, eru allar um minni háttar lagfæringar, ýmist skv. ábendingum nefndarmanna eða aðila utan nefndarinnar. Verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Jón Kristjánsson,
varaform., frsm.

Árni Johnsen.

Björn Dagbjartsson,
fundaskr.

Kolbrún Jónsdóttir.

Karl Steinar Guðnason.

Sturla Böðvarsson.

Skúli Alexandersson.